




Samtal um meðferðarmarkmið

Tilgangur þessa fræðsluefnis er að veita fólki með alvarlega sjúkdóma og aðstandendum þeirra upplýsingar um samtal um meðferðarmarkmið, tilgang þess og framkvæmd.

Samtal um meðferðarmarkmið er formlegt samtal milli sjúklings, aðstandenda og heilbrigðisstarfsfólks. Í slíku samtali gefst tækifæri til að ræða hvað skiptir sjúklinginn mestu máli varðandi veikindi hans og heilsufar. Markmið þess er að skiptast á upplýsingum svo að unnt sé að veita þjónustu í samræmi við óskir og lífsviðhorf. Með því getur sjúklingur einnig verið virkur þátttakandi í ákvörðunum um eigin meðferð.



Samtal um meðferðarmarkmið getur farið fram endurtekið hvenær sem er í sjúkdómsferlinu þar sem áherslur og óskir sjúklings geta breyst eða ef sjúkdómur ágerist. Hluti samtalsins getur beinst að því sem gæti gerst í náninni framtíð, helstu áhyggjuefnum og hvað sé mikilvægast fyrir sjúklinginn þegar lífsþrótturinn minnkar. Í samtali um meðferðarmarkmið er meðal annars farið yfir:

- Hvað sjúklingur veit um veikindi sín eða stöðu sjúkdóms
- Hversu ítarlegar upplýsingar sjúklingur vill fá um sjúkdómsástand sitt og horfur
- Hvað skiptir mestu máli í veikindunum, t.d. hvað hjálpar eða veitir styrk
- Hvað veldur helst áhyggjum
- Vitneskju fjölskyldu

Samtalið auðveldar ákvarðanatöku í bráðum aðstæðum og eykur líkur á að veitt sé meðferð sem er í samræmi við óskir og vilja sjúklings. Reynslan hefur sýnt að aðstandendum vegnar betur ef óskir ástvina þeirra eru skýrar og að þeim sé framfylgt þegar á reynir. Þá hafa rannsóknir á áhrifum samtals um meðferðarmarkmið sýnt að lífsgæði sjúklinga aukast.

Undirbúningur fyrir samtal

Mikilvægt er að undirbúa sig fyrir samtal um meðferðarmarkmið. Hér eru dæmi um spurningar sem gott er að velta fyrir sér:

- Hvað er þér mikilvægast til að lifa góðu lífi?
- Hvað veitir þér styrk og hjálpar þér í gegnum erfiða tíma?
- Hverjir veita þér mestan stuðning?
- Hver gæti verið talsmaður þinn ef þú getur ekki lengur tjáð vilja þinn?
- Hvað óttastu þegar þú hugsar um veikindin þín?

Niðurstöður samtals

Niðurstöður samtals um meðferðarmarkmið geta meðal annars verið að sjúklingur ákveði hver tali máli hans ef hann getur það ekki sjálfur eða hvaða meðferð verði veitt eða ekki veitt ef hann veikist snögglega. Niðurstöður samtalsins eru skráðar í sjúkraskrá.

Má skipta um skoðun?

Engar ákvarðanir eru endanlegar. Það getur verið að afstaðan breytist eftir því sem tíminn líður. Samtal um meðferðarmarkmið er endurtekið eins oft og þurfa þykir.

Að óska eftir samtali

Ef þú vilt ræða þessi mál er hægt að óska eftir samtali um meðferðarmarkmið við hjúkrunarfræðinga og lækna. Mælt er með að hafa aðstandanda með í samtalinu. Einnig getur verið að læknir eða hjúkrunarfræðingur bjóði þér samtal um meðferðarmarkmið að fyrra bragði.